




STEFNUMÓTUN

2020



Efnisyfirlit

- 3 Inngangur – Stjórnarformaður Strætó
- 6 Mótun nýrrar stefnu – Vinnuferlið
- 8 Hlutverk og gildi
- 10 Framtíðarsýn
- 12 Framtíðarsýn:
Fyrsti valkostur íbúa höfuðborgarsvæðisins í og úr vinnu eða skóla
- 14 Framtíðarsýn:
Dýnamískt þekkingarfyrtæki

Inngangur



Björg Fenger, stjórnarformaður Strætó

Strætó stendur í dag frammi fyrir fjölmörgum áskorunum og tækifærum í tengslum við breyttar ferðavenjur og þróun í almenningssamgöngum. Því er mikilvægt að stefna og sýn Strætó sé skýr. Horft sé til framtíðar og tryggt eins og kostur er að Strætó sé tilbúið til að takast á við þær breytingar sem verða á næstu árum í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu.

Við hjá Strætó erum sannfærð, eftir að hafa farið í gegnum stefnumótun, að Strætó sé tilbúið til að takast á við þær fjölmörgu áskoranir og tækifæri sem fram undan eru. Við teljum að Strætó verði áfram mikilvægur hlekkur í almenningssamgöngukerfinni og „Besta leiðin“ fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins til að komast ferða sinna á umhverfisvænan, fljótlegan og öruggan hátt.

Mótun nýrrar stefnu

Vinnuferlið



Hlutverk og gildi

→ Hlutverk Strætó

Þjónustufyrirtæki á sviði almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

→ Samvinna


Samvinna einkennir allt okkar starf, bæði innan fyrirtækis og gagnvart viðskiptavinum, eigendum og samstarfsaðilum.

→ Áreiðanleiki

Við erum á réttum stað á réttum tíma, erum hagsýn og ábyrg í öllum okkar störfum.

→ Drifkraftur

Við erum frumkvæðismiðuð og höfum kjark og þor til að taka ákvarðanir og leysa mál hratt og vel.




Framtíðarsýn

Mikilvægasti hlekkurinn í samgöngukeðju höfuðborgarsvæðisins.

Eftirsóknarverður vinnustaður

Fyrsti valkostur íbúa höfuðborgarsvæðisins í og úr vinnu eða skóla



Kolefnislaus vagnafloki

Dýnamískt þekkingarfyrirtæki




Framtíðarsýn

Fyrsti valkostur íbúa höfuðborgarsvæðisins í og úr vinnu eða skóla

Strætó er þjónustufyrirtæki sem leggur megináherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina með því að stytta ferðatíma og auka tíðni ferða.

Það er gert með beinni akstursleiðum, sérakreinum og forgangs-umferðarljósum.




Framtíðarsýn

Kolefnislaus vagnafloti 2030

Strætó fylgir stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og stuðlar að bættum lífsgæðum almennings.

Strætó leitast eftir að vera leiðandi í orkuskiptum í samgöngum með því að fjárfesta í umhverfisvænum vögnum, s.s. rafmagns-, vetnis-, og metanvögnum.




Stjórn Strætó hefur samþykkt að skoða nánar **11., 12. og 13. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna** með það að leiðarljósi að innleiða þau í stefnu Strætó.

Markmiðin eru Sjálfbærar borgir og samfélög, Ábyrg neysla og framleiðsla og Aðgerðir í loftslagsmálum.

Framtíðarsýn

Dýnamískt þekkingarfyrirtæki



Strætó er þjónustufyrirtæki sem byggir á yfirgripsmikilli þekkingu á skipulagi og rekstri almenningssamgangna.

Strætó leggur áherslu á að nýta upplýsingatækni í bættri þjónustu til viðskiptavina.

Strætó vill efla enn frekar þekkingu og færni starfsmanna með því að leggja áherslu á fræðslu og símenntun í hvetjandi starfsumhverfi.

Framtíðarsýn

Eftirsóknarverður vinnustaður



Strætó vinnur stöðugt að bættu starfsumhverfi og ímynd.

Strætó leggur áherslu á að skapa jákvæða og uppbyggjandi vinnustaðamenningu og ásýnd með því að halda í og laða að hæfileikaríkt og öflugt starfsfólk sem hefur menntun, þekkingu og hæfni sem nýtist í störfum Strætó.



Framtíðarsýn

Til þess að tryggja að framtíðarsýn Strætó verði að veruleika verða viðskiptavinir og þjónusta sett í öndvegi. Rík áhersla verður á framkvæmd þjónustustefnu þar sem lykilþættir hennar verða hafðir að leiðarljósi:

Áhersluþættir þjónustustefnu eru uppfylltir með markvissri upplýsingagjöf, öflugri þjálfun og fræðslu til starfsmanna og stjórnenda.

Stjórnendur og starfsmenn leggja áherslu á að:

- Þekkja hlutverk, stefnu og **gildi** fyrirtækisins
- Sýna **drifkraft** í störfum sínum með frumkvæði, kjark og þor að leiðarljósi
- **Vinna vel saman** að hagsmunum og framtíðarsýn Strætó og mynda þannig sterka liðsheild
- Skapa traust þeirra sem reiða sig á **þjónustu** Strætó og sýna **áreiðanleika** og ábyrgð í verki.
- Sýna viðskiptavinum jákvætt **viðmót** og kurteisa **framkomu**
- Vera **vingjarnleg og hjálpfús** gagnvart öllum viðskiptavinum
- Geta **veitt upplýsingar** um starfsemi Strætó
- Klæðast **hreinum og snyrtilegum** einkennisfatnaði merktum Strætó þar sem við á
- Bera virðingu fyrir **ásýnd** Strætó og **umhverfi**



BESTA 
LEIDIN

